



Alþýðusamband Íslands

Ekkert á að spara til þeirrar skjaldborgar sem um heimilin þarf að reisa. Hið opinbera á því að fjármagna og reka „skilanefndir“ heimilanna með því að tryggja umsækjendum um greiðsluaðlögun endurgjaldslausu aðstoð við gerð umsóknar og tryggja jafnframt endurgjaldslausu umsjón með greiðsluaðlögun af hendi opinbers aðila. ASÍ hefur frá upphafi lagt til að þessi störf verði falin Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og sérstöku sýslumannsembætti. Samkvæmt gildandi löggjöf er hluti þessara starfa falinn sjálfstætt starfandi lögmönnum sem veita þessa þjónustu gegn allt að 15.000.- kr. þóknun á tímann, allt á kostnað skuldara.